

Alþingi
Erindi nr. P 143/57
komudagur 28.10.2013

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2014. (Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Kennarasamband Íslands (KÍ) gerir athugasemdir við þrennt.

Í fyrsta lagi:

Það er skoðun KÍ að ótækt sé að skera enn einu sinni niður framlög til menntamála. Stór og mikilvæg verkefni eins og innleiðing námskráa og nýskipan starfsþróunarmála eru í hættu vegna lítilla fjárframlaga. Eins hefur skólakerfið í heild sinni verið í fjársveltum undanfarið ár og ekki hægt að reka skólafnanir með þeim hætti svo árum skipti án þess að það bitni á þjónustunni. Sérfræðingar benda á að í kreppu sé enn mikilvægara en áður að eiga gott menntakerfi og að gert sé áttak í að efla menntunartíð þjóðar sem að miklu byggir afkomu sína á hugviti.

Í öðru lagi gerir KÍ athugasemdir við eftirfarandi:

Í fjárlögum fyrir 2014, undir lið um útgjöld og fjármögnun velferðarráðuneytis, er tillaga um breytingu á slysatryggingum:

208 Slysatryggingar. Gert er ráð fyrir að fjárheimild til slysatrygginga verði 856 m.kr. árið 2014 og er það lækkun um 35 m.kr. að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 18,9 m.kr. Lagt er til að fjárheimild liðarins verði hækkuð um 15 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um iðgjaldtekjur vegna kaups og aflahlutar sjómanna. Þá er lögð til 50 m.kr. lækkun á fjárheimild liðarins en um er að ræða eina af sértækum aðhaldsráðstöfunum í frumvarpinu sem gripið er til í því skyni að bæta afkomuhorfur ríkissjóðs. Tillagan gerir ráð fyrir að ákvæði slysatrygginga í lögum um almannatryggingar sem fjallar um réttindi þeirra sem slasast á leið til og frá vinnu falli á brott. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sé einnig tryggður með lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda og fái tjón sitt bætt frá þeirri tryggingu.

Þarna er m.a. lagt til að ákvæði slysatrygginga í lögum um almannatryggingar sem fjallar um réttindi þeirra sem slasast á leið til og frá vinnu falli á brott. Eins og fram kemur er gert ráð fyrir að viðkomandi sé einnig tryggður með lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda og fái tjón sitt bætt frá þeirri tryggingu.

Í yfirliti yfir lagabreytingar í fjárlögum 2014 kemur eftirfarandi fram um breytingu á almannatryggingarlögum vegna ofangreindrar tillögu en þar segir orðrétt:

Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Lögð verður fram breyting á IV. kafla laganna sem fjallar um slysatryggingar almannatrygginga. Fella á brott ákvæði er kveður á um að slysatryggingar taki til sendiferðar í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til og frá vinnu.

KÍ gerir athugasemdir við ofangreinda tillögu um breytingar á slysatryggingum almannatrygginga.

Í fyrsta lagi þá er ekki hægt að gera ráð fyrir því að allir séu tryggðir með lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda og fái tjón sitt bætt frá þeirri

tryggingu. Slys í sendiferðum eða á leið til og frá vinnu geta verið með öðrum hætti en sem tengist ökutæki. Hjólreiðamaður eða fótgangandi einstaklingur getur slasast alvarlega án þess að það komi ökutæki við.

Í kjarasamningum er vísað í almannatryggingarlögin. Þetta er breyting á almannatryggingarlögunum og sú breyting getur haft ófyrirsjáanleg og víðtæk áhrif á slysatryggingar félagsmanna sem og annarra sem eru sendir í ferðir í þágu atvinnurekstrar eða á leið til og frá vinnu og slysatrygging ökumanns og eiganda nær ekki yfir tjónið.

KÍ óskar eftir að ofangreind breyting verði ekki lögð fram með vísan til ofangreindra raka.

Í þriðja lagi gerir KÍ athugasemd við eftirfarandi:

Í fjárlögum fyrir 2014, undir lið um aukatekjur ríkissjóðs er lagt til að 20. tölul. 10. gr. laga nr. 88/1991 falli brott, en þar segir:

Í frumvarpinu er lagt til að 20. tölul. 10. gr. laga nr. 88/1991 falli brott, en hann kveður á um gjald af útgáfu leyfisbréfa til leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur verið unnið að tillögum um að nýta heimild í 4. mgr. 21. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, þ.e. að fela háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun kennara eftir samningi við ráðuneytið, að annast útgáfu leyfisbréfa samkvæmt lögnum. Í tengslum við framangreint hefur komið í ljós að slík framkvæmd gæti reynst flókin vegna innheimtu og skila á gjaldi fyrir hvert leyfisbréf og því er hér lagt til að felldur verði brott 20. tölul. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs til þess að auðvelda útvistun verkefnanna til háskólanna. Tekjur af þessu gjaldi hafa verið óverulegar, kringum 2 millj. kr. á ári.

KÍ lýsir sig andvígt þessari tillögu. KÍ hugnast ekki að menntastofnununum sé fært þetta verkefni þar sem þá sé verið að færa á sömu hendi mat á prófum og útskrift nemenda. Betra er að mati KÍ að útgáfa leyfisbréfa til leik-, grunn- og framhaldsskólakennara sé áfram á einni hendi og að menntamálaráðuneyti sé ábyrgt. Með þessu leggjum við einnig á það áherslu að jafnræði umsækjenda gagnvart leyfisbréfaveitingu sé í heiðri haft og er það skoðun KÍ að það náist betur með því að menntamálaráðuneytið sé áfram útgefandi leyfisbréfa til handa kennurum.

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands.

Þórður Á. Hjaltested, formaður KÍ.